

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 130. gr. reglnanna:

- a. Á eftir 4. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:
Deildinni er heimilt að skipuleggja stuttar hagnýtar námsleiðir í grunnnámi, sbr. ákvæði 55. gr. reglna þessara.
- b. Á eftir núverandi 6. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:
Diplómanám í tæknigreinum er sjálfstætt 60 eininga grunnnám. Nám þetta er hægt að fá metið inn í nám til BS-prófs í tæknifræði.

2. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 14. maí 2018.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.